



Spáum því að verðbólga nái hámarki í desember

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 21. desember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgan úr 4,8% í 4,9%. Verðbólga án húsnæðis hefur gengið nokkuð hratt niður að undanfögnu og mældist hún 3,4% í nóvember en hún sló hæst í 4,7% í janúar. Við spáum því að verðbólga án húsnæðiskostnaðar verði 3,1% í desember.


Við teljum að helsti áhrifaþáttur á verðbólguþróunina í desember verði reiknuð húsaleiga. Við spáum að reiknuð húsaleiga hækki um 0,79% milli mánaða og áhrif hennar til hækunar verðlags verði 0,14 prósentustig. Aðrir þættir sem einnig hafa áhrif eru t.d. bensín og olía sem við gerum ráð fyrir að lækki um 1% en áhrifin á verðlag verði 0,03%. Við teljum einnig að matur og drykkur lækki í verði og að áhrif til lækkunar verði 0,02%. Við spáum síðan að húsnæðiskostnaður án reiknaðrar húsaleigu hækki um 0,2% og áhrif þess verði 0,03 prósentustig. Áhrif annarrar vöru og þjónustu verða þau sömu en við teljum að sá liður hækki um 0,45% milli mánaða.

Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV lækki um 0,3% í janúar, hækki um 0,7% í febrúar og hækki síðan aftur um 0,3% í mars. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 4,5% í mars en verðbólga án húsnæðis 2,3%.

Verðbólgan 4,8% í nóvember

VNV hækkaði um 0,34% milli mánaða í nóvember og mældist 4,8% verðbólga samanborið við 4,5% í október. Við höfðum spáð því að vísitalan myndi hækka um 0,5% og hækkaði verðlag því ívið minna en við spáðum. Aðrar vörur og þjónustu annars vegar og föt og skór hins vegar lækkuðu í verði en við höfðum spáð hækkun. Einnig hækkaði liðurinn húsgögn og heimilisbúnaður ögn minna en við spáðum. Á móti vó að matur og drykkur hækkaði í verði en við höfðum spáð lækkun. Kaup ökutækja hækkuðu einnig en við höfðum spáð lækkun. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 1,1% en við höfðum spáð 0,8% hækkun. Við eigum von á að það dragi úr

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.3%	-0.18%	-0.03%
Áfengi og tóbak	2.6%	0.12%	0.00%
Föt og skór	3.8%	0.35%	0.01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.7%	0.20%	0.03%
Reiknuð húsaleiga	17.2%	0.79%	0.14%
Húsgögn og heimilisb.	6.6%	-0.02%	0.00%
Heilsa	3.6%	0.41%	0.01%
Ferðir og flutningar (annað)	3.8%	0.34%	0.01%
Kaup ökutækja	5.3%	0.45%	0.02%
Bensín og díselolía	3.2%	-1.00%	-0.03%
Flugfargjöld til útlanda	1.4%	2.21%	0.03%
Póstur og sími	1.6%	1.04%	0.02%
Tómst. og menning	9.5%	0.01%	0.00%
Menntun	0.6%	-0.12%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.7%	0.26%	0.01%
Aðrar vörur og þjónusta	7.0%	0.48%	0.03%
Alls	100%		0.27%





hækkunartakti húsnæðisverðs og að áhrif vaxtabreytinga til lækkunar á reiknaða húsaleigu hverfi alveg næstu mánuði.


Fasteignaverðshækkunir hafa drifið verðbólguna áfram

Í byrjun árs var verðbólga án húsnæðis 0,4 prósentustigum hærrí en verðbólga. Síðan hefur verðbólga án húsnæðis hjaðnað hraðar en verðbólgan og var í nóvember 1,8 prósentustigi lægri. Við eigum von á að verðbólga án húsnæðis hækki ögn milli nóvember og desember og að hún fari í 3,1% í desember. Litið fram til næstu mánaða gerum við ráð fyrir að það hægi verulega á verðbólgu án húsnæðis. Töluverð óvissa er um þróun verðbólgunnar næstu misseri en við gerum ráð fyrir að verðbólga bæði með og án húsnæðis nái hámarki í desember en síðan muni draga nokkuð hratt úr verðbólgu á báða þessa mælikvarða.

Olíuverðið hefur lækkað hratt á undanförunum vikum


Heimsmarkaðsverð á olíu náði lágmarki á síðasta ári í 27,4 Bandaríkjadöllum í apríl. Síðan þá hefur það hækkað verulega og var meðalverðið í október 84,1 dalir. Síðan þá hefur verðið lækkað nokkuð hratt og var það 80,7 dalir í nóvember og 72,6 það sem af er þessu mánuði sem er lægsta verðið síðan í maí. Samkvæmt spálíkani okkar sem tekur mið af verðþróun olíu og gengi krónunnar gagnvart dollar ætti dæluverðið að lækka um 2,7% nú í desember og 3,3% í janúar. Sú verðmæling sem við styðjumst hins vegar við fyrir desembermánuð sýnir 1% verðlækkun. Vegna þess má ætla að dæluverðið kunni að lækka meira í janúar en við spáum hér.

Samanburður við eldri spár




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá með og án húsnæðis



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Heimsmarkaðsverð á hráolíu og dæluverð



Breyting á 12 mánaða grundvelli: Olíuverð á föstu gengi
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.